



Framlag vegna barna með fjölþættan vanda og/eða miklar þroska- og geðraskanir og eru vistuð utan heimilis á árinu 2024.

Áformað er að veita framlag úr ríkissjóði til að standa straum af hluta kostnaðar sveitarfélaga vegna barna með fjölþættan vanda og/eða miklar þroska- og geðraskanir sem vistuð hafa verið utan heimilis árið 2024 á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Eins og fram kemur í frumvarpi því er varð að lögum nr. 38/2018 hefur verið gert ráð fyrir árlegu fjármagni úr ríkissjóði sem miðar við að mæta kostnaði sveitarfélaga vegna 8-12 barna sem tilheyra þessum hópi.

Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur ákveðið að úthlutun fjármagns fyrir árið 2024 verði eins og fyrir árið 2023 bundinn við niðurstöðu sérfræðingateymis vegna barna með fjölþættan vanda, sbr. 20. gr. laga nr. 38/2018, m.v.t. til 21. gr. sömu laga. Um er að ræða börn sem sérfræðingateymið hefur staðfest að þurfi vegna fötlunar sinnar annars konar og meiri þjónustu en unnt er að veita á heimili fjölskyldna þeirra.

Framlagið verður hlutfall af heildarkostnaði vegna hvers barns sem fellur undir ofangreint og mun fjárhæð greiðslu til hvers sveitarfélags ráðast af heildarfjárhæð kostnaðar, að frádregnum framlögum jöfnunarsjóðs, samkvæmt innsendum upplýsingum frá hverju sveitarfélagi eða svæði.

Frestur til að skila upplýsingum um kostnað er 5. janúar 2025. Umsóknir skulu sendar rafrænt á netfangið: mrn@mrn.is (með Cc á thor.reykdal@mrn.is).

Upplýsingar sem þurfa að fylgja vegna barns/barna yngri en 18 ára, sem sérfræðingateymið hefur staðfest að hafi þurft vistun utan heimilis.

Sundurliðaður kostnaður vegna vistunar 2024 fyrir hvert barn:

- a. Launakostnaður.
- b. annar sundurliðaður kostnaður.
- c. Framlag frá jöfnunarsjóði vegna barns.

Um er að ræða einskiptisaðgerð vegna ársins 2024.

Þann 10. september sl. skilaði starfshópur um kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk annarri áfangaskýrslu sinni til félags- og vinnumarkaðsráðherra en í skýrslunni koma fram tillögur starfshópsins er varða fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Starfshópurinn leggur til að ríkið taki yfir ábyrgð og fjármögnun vegna þjónustu við börn og ungmenni með fjölþættan vanda sem þurfa 3. stigs þjónustu skv. skilgreiningu sem fram kemur í skýrslunni. Hópurinn telur allt að 34 börn á hverjum tíma og er heildarkostnaður vegna reksturs þjónustunnar áætlaður 3 ma.kr. á ársgrundvelli sem mun skiptast á milli ríkis og sveitarfélaga eftir nánara samkomulagi. Við uppbyggingu þjónustu verði horft til tillagna stýrihóps um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda frá ágúst 2023. Þann 5. nóv. sl lagði Samband íslenskra sveitarfélaga til að settur yrði á fót formlegur samningahópur sem útfærir og kortleggur þá tillögu sem lögð er fram í áfangaskýrslu II og snýr að þriðja stigs þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Lagt er til að í hópnum eigi sæti annars vegar f.h. ríkisins fulltrúar úr mennta- og barnamálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og innviðarráðuneyti og hins vegar fulltrúar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.